

## 2. gr.

Upphæð gjalds skv. 1. gr. skal rituð í vegabréfið eða á skjalið. Jafnframt skal gefa út sérstaka kvittun fyrir gjaldinu og rita á hana fyrir hvað gjaldið er innheimt.

## 3. gr.

Gjöld þau, sem innheimt eru skv. reglugerð þessari, renna í ríkissjóð, nema þau gjöld, sem kjörræðismenn innheimta, en þau renna til þeirra sjálfra. Gjöldin ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi Seðlabanka Íslands. Við útreikninginn er heimilt að jafna upphæðina.

## 4. gr.

Reglugerð þessa skal prenta á íslensku og ensku og skal hún liggja frammi í íslenskum sendiráðum og ræðisskrifstofum.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 17. gr. laga nr. 39, 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands og öðlast hún gildi hinn 1. febrúar 1986. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð um gjöld til utanríkisráðuneytisins frá 14. janúar 1984.

*Utanríkisráðuneytið, 2. janúar 1986.*

**Geir Hallgrímsson.**

*Ingvi S. Ingvarsson.*

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 673/1980 um gatnagerðargjöld  
í Njarðvíkurkaupstað.**

## 1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein er verði 5. mgr. svohljóðandi:

Af gróðurhúsum á íbúðarhúsalóðum og sólskylum sem standa upp við vegg íbúðarhúss reiknast ekki gatnagerðargjald, enda séu þak og veggir úr gagnsæju efni og uppfylli ekki einangrunarkröfur íbúðarhúsa.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Njarðvíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1986.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Þórhildur Lindal.*